



SVEITARFÉLAGIÐ SKAGASTRÖND

Túnbraut 1-3 545 Skagaströnd

Sjávarútvegsráðuneytið
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Skagaströnd, 20. janúar 2012.

Tillaga að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta.

Sveitarstjórn Skagastrandar hefur samþykkt að óska eftir við háttvirtan sjávarútvegsráðherra að sérstök skilyrði verði sett fyrir úthlutun byggðakvóta sem kom í hlut Skagastrandar sbr. bréf ráðuneytisins dags. 21. desember 2011 sl. Vísað er til 2. gr. reglugerðar frá 21. desember 2011.

1. Að ekki verði tekið tillit til b-liðar 1. gr. reglugerðarinnar þar sem segir: eru skráðir í viðkomandi byggðarlagi 1. desember 2011.
2. Við úthlutun byggðakvóta verði kvótanum skipt í tvo flokka. Annars vegar verði úthlutað 60 tonnum til báta með hlutdeild í innfjarðarrækjuveiðum í Húnaflóa (Húnaflóarrækja) sem eru gerðir út frá Skagaströnd og hins vegar 240 tonnum skv. almennum skilyrðum reglugerðarinnar. Hver útgerð sem sækir um byggðakvóta getur þó átt rétt á úthlutun úr báðum flokkum.
3. Við úthlutun byggðakvóta verði gerð sú breyting á forsendum skv. 4 gr. að sá hluti sem úthlutað er til báta með hlutdeild í innfjarðarrækjuveiðum á Húnaflóa (60 tonnum) verði úthlutaðum heimildum skipt jafnt milli hæfra umsækjenda. Þeim hluta sem úthlutað verður skv. almennum skilyrðum (240 tonnum) verði hins vega skipt skv. ákvæðum 4. greinar reglugerðarinnar.
Sú breyting verði gerð að hámark úthlutunar til hvers fiskiskips verði 75 þorsgildislestir. Hámarkið gildi um samanlagða úthlutun í báðum flokkum sbr. 2. töluliður þessa bréfs þó skal við úthlutun fyrst reikna að fullu byggðakvóta sem úthlutað er vegna innfjarðarrækjuveiða.
4. Veitt verði undanþágu frá löndun til vinnslu sem fram kemur í ákvæði 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar. Fiskiskípum verði eftir sem áður skylt að landa í byggðarlaginu.



SVEITARFÉLAGIÐ SKAGASTRÖND

Túnbraut 1-3 545 Skagaströnd

Greinargerð:

1. Sveitarstjórn telur tilefni til að ekki verði gerð krafa um að bátar séu skráðir í viðkomandi byggðarlagi 1. desember 2011 á þeirri forsendu að nægjanlegt sé að gera kröfu um lögheimili eða heimilisfang útgerðar. Ástæða þessa er að á Skagaströnd hefur um langt árabil verið rekin útgerð þar sem báturinn Dagrún ST 12 hefur ekki verið skráður á HU númer þótt heimilisfang útgerðar og lögheimili eigenda og starfsmanna sé á Skagaströnd.
2. Sveitarstjórn telur rétt að veita hluta byggðakvóta til þeirra sem hafa þurft að hætta innfjarðarrækjuveiðum sem lögðust af um 2000. Í ljósi þeirra forsendna sem úthlutun byggðakvóta til Skagastrandar byggir á eru jafnframt forsendur til að hluti byggðakvóta verði veittur þeim sem þær veiðar stunduðu og enn gera út frá Skagaströnd.
3. Með tilliti til þess að sá hluti byggðakvótans sem tengist rækjuveiðum getur ekki tengst með beinum hætti löndun afla síðustu 12 mánuði er lagt til að miða hvorki við aflahlutdeild eða landaðan afla heldur verði kvótanum skipt jafnt milli þeirra báta sem falla undir þá reglu. Á hinn bóginn telur sveitarstjórn rétt að um þann hluta byggðakvótans sem úthlutað verði samkvæmt almennri reglu verði viðmið reglugerðarinnar notað og kvóta skipt hlutfallslega eftir lönduðum afla á Skagaströnd á tímabilinu 1. september 2010 til 31. ágúst 2011, að teknu tilliti til hámarksúthlutunar á hvern bát.
4. Forsendur þess að sveitarstjórn fer fram á að vinnsluskyldu verði aflétt eru þær að ekki er rekin fiskvinnsla á staðnum sem getur tekið við þeim fiski sem útgerðir á Skagaströnd veiða. Ekki hefur enn náðst samkomulag við fiskvinnslufyrirtæki um uppsetningu vinnslu á Skagaströnd þrátt fyrir umleitanir og viðræður þar um. Umræddar útgerðir geta því ekki orðið hæfar til að fá úthlutaðan byggðakvóta nema vinnsluskyldunni verði aflétt. Engu að síður er skýrt að löndun aflans er bundin við byggðarlagið.

Fyrir hönd sveitarstjórnar Skagastrandar,


Magnús B. Jónsson, sveitarstjóri